

KJARVAL 20% afsláttur

1429 KR. KG.
SS kryddlegnar svínakótilettur

998 KR. PH.
Freschetta pizza 2x495 g

1799 KR. KG.
SS kryddlegnar lambavirfjur

1298 KR. PH.
Rose kjúklinga-bringur 900 g

1298 KR. PH.
Rib world spare ribs

149 KR. STL.
Bautabúrs hrásalat 300 g

189 KR. STL.
Bautabúrs kartöflusalat 300 g

198 KR. PH.
Papco salernispappír

599 KR. PH.
Coke eða Coke light 12 x 33cl í pk

359 KR. PH.
Meistarakryddkaka

79 KR. PH.
Maryland kek

336 KR. STL.
Glitra uppvottalögur

599 KR. KG.
Ferskjur og nektarínur

10% afsláttur
Super álpappír, plast-filma og rulslapokar

- Þín tilboð í Kjarval -

VITINN

UTG. FRÉTTABÚI SÍMI: 4871429 FAX: 4871206 NETFANG frettir@simnet.is

Auglýsingar berist ekki síðar en kl. 9 á þriðjudagsmorgnum

Óska eftir

leiguhúsnæði helst 2ja til 3ja herb.
í Vík eða nágrenni sem fyrst

*Langtímaleiga kemur til greina
Uppl. í síma 844 0943 481 3985
Doreen*

Óska eftir herbergi

til leigu í ca 3 mánuði
í Vík eða næsta nágrenni

Uppl. 897 8243

Frá sóknarpresti Víkurprestakalls

*Fyrirhuguð guðsþjónusta í
Reyniskirkju sunnudaginn
1. júní nk. fellur niður af
óviðráðanlegum ástæðum.*

Sóknarprestur

Viðskiptavinir ath.

Breyting á opnunartíma

frá og með 31. maí verður opið:

Mánud – föstud: 9-19

Laugardaga: 10-16

Sunnudaga: 10-14

Kjarval Vík



SMÁAUGLYSINGAR

Auðbert og Vigfús Páll ehf.

Flytjandi

Sumaráætlun:

Frá 1.júní verðum við með daglegar ferðir alla virka daga

Vík - Reykjavík - Vík

Brottför kl. 9.30 frá Vík / 17.00 frá Rvík.

Vík - Klaustur - Vík

Alla virka daga kl. 9.30

Afgreiðslur okkar eru:

Reykjavík:

Eimskip - Flytjandi


Klettagörðum 15

Selfossi:

Eimskip - Flytjandi

Gagnheiði 76

S: 4871331 S: 8938606



FUNDARGERÐ MÝRDALSHREPPS
435. fundar sveitarstjórnar Mýrdalshrepps, haldinn fimmtudaginn 22. maí 2008 kl. 16:00 á skrifstofu hreppsins, Austurvegi 17 í Vík.

Fundinn sátu undirritaðir aðalmenn. Sveitarstjóri ritaði fundargerðina á tölvu. Oddviti, Þórhildur Jónsdóttir setti fund og stjórnaði.

Gerðir fundarins:

Sveitarstjóri gerir grein fyrir verkefnum frá síðasta fundi.

I. Fundargerðir til staðfestingar.

1. Fundargerð 150. fundar skipulags- og byggingarnefndar frá 8. maí 2008. Á fundinn mættu hönnuðir frá Vegagerðinni sem hafa fengið það verkefni að gera tillögu að framtíðarlegu Hringvegar (1) um Mýrdal. Gert er ráð fyrir að frumdrög liggja fyrir með haustinu. Fundargerðin samþykkt.

2. Fundargerð 151. fundar fræðslunefndar frá 13. maí 2008. Fundargerðin samþykkt.

II. Innsend erindi til afgreiðslu.

1. Bréf Harðar Þorsteinssonar dags. 23. apríl 2008. Hörður óskar eftir að fasteignagjöld verði felld niður af fjárhúsi sem hefur fokið og er ónýtt. Fram kemur að bréfitari hefur óskað eftir að skipulags- og byggingarfulltrúi afskrái húsið úr Landskrá fasteigna. Samkvæmt reglugerð nr. 406/1978 um fasteignaskráningu og fasteignamat skal halda mannvirki á fasteignaskrá uns það er rífið með öllu eða fjarlægð á annan hátt. Erindinu er því hafnað.

III. Málefni til umfjöllunar / afgreiðslu.

1. Landbrot við Vík, bréf Landgræðslu ríkisins dags. 25. mars 2008, bréf Siglingastofnunar dags. 2. maí 2008. Bréfin

eru viðbrögð við bréfi Mýrdalshrepps frá 22. febrúar sl. þar sem hvatt er til þess að fyrirbyggjandi áætlanir um sjóvarnir við Vík verði teknar til endurskoðunar. Landgræðslan tekur undir þessi sjónarmið og leggur auk þess til að sandgirðingar verði endurbættar og auknar fyrir næsta vetur. Siglingastofnun upplýsir að erindi Mýrdalshrepps frá 22. febrúar verði tekið til afgreiðslu við gerð nýrrar samgönguáætlunar fyrir tímabilið 2009-2012 sem verður væntanlega lögð fyrir Alþingi í haust. Lagt fram til kynningar.

2. Dyrhólaey – bréf Umhverfisstofnunar dags. 28. apríl 2008. Með bréfinu er tilkynnt um að stofnunin hafi ákveðið að loka Dyrhólaey fyrir almennri umferð á tímabilinu 1. maí -25. júní 2008. Sveitarstjórn lýsir yfir vonbrigðum með ákvörðun Umhverfisstofnunar og minnr á að lokun Dyrhólaeyjar undanfarin ár virðist ekki hafa skilað árangri til verndunar umhverfisins. Þvert á móti virðist lokunin hafa orðið til þess að ekki hefur verið unnið að nauðsynlegum úrbótum á svæðinu eins og lýst er í samþykktu deiliskipulagi fyrir Dyrhólaey. Sveitarstjórn hvetur jafnframt til þess að eyjan verði opnuð 18. júní eins og hugsanlegt er samkvæmt fylgiskjali með bréfi stofnunarinnar.

3. Hjallatún. Fyrir liggur yfirlit forstöðumanns þar sem fram kemur að tekjur heimilisins nægja ekki fyrir rekstri það sem af er ári. Einnig liggja fyrir drög að bréfi til heilbrigðisráðuneytisins þar sem óskað er eftir bráðabirgðaleyfi fyrir einu hjúkrunarrými til viðbótar þeim 12 sem leyfi er fyrir í dag. Sveitarstjórn f.h. sveitarsjóðs samþykkir að ábyrgjast 5 millj. kr. yfirdrátt á reikningi Hjallatúns í Kaupþingi til sex mánaða.

4. Landskerfi bókasafna hf. Aðalfundur Landskerfis bókasafna verður haldinn

Kvenfélagið Hvöt auglýsir:

Verðum með okkar árlegu sumarblómasölu
við Ráðhús Skaftárhrepps á Kirkjubæjarklaustri



Þriðjudaginn 3. júní frá kl. 13 - 17 og 4. júní kl. 11 - 17.

Stjórnin.

Aðalfundur Ferðafélags Mýrdælinga

verður haldinn á Ströndinni í Víkurskála
sunnudaginn
1. júní 2008 kl. 20:30



Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf
Önnur mál.

Stjórnin

Fatamarkaður frá Theódóru

verður á Geirlandi á Kirkjubæjarklaustri
frá 28. maí til 5. júní

Nýjar sumarvörur
Mikið úrval af buxum og bolum og fl.

Hafið samband við Erlu í síma 487 4677

Theódóra



Leikskólinn í Vík útskrifaði elsta bekkinn um miðjan maí, en í honum voru 9 krakkar sem nú bíða spennt eftir að fara á næsta skólastig.

T. v. Daníel Freyr Ágústsson, Katrín Marey Magnúsdóttir, Vildís Harpa Sævarsdóttir, Sigríður Ingibjörg Einarsdóttir, Tinna Elíasdóttir, Birgitta Rós Ingadóttir, Bergur Már Guðmundsson og Halla Ólafsdóttir leikskólustjóri
Á myndina vantar Kristínu Ólafsdóttir og Svanhvít Berg Viktorsdóttir (hún er að vísu flutt til Hafnarfjarðar enn er 1 af þessum 9 sem sagt væri verið að útskrifa)

Í sama tilefni afhenti Sveinn Þorsteinsson formaður Rauðakrossdeildarinnar í Vík í Mýrdal, elstu börnum leikskólans í Vík reiðhjólahlalma sem gjöf frá rauðakrossinum. Jón Hlökkver Hrafnsson lögreglumaður fræddi krakkana um notkun hjálmannanna og kenndi þeim að stilla festingar á hjálmunum.

Mynd: Jónas Erlendsson

Í háum björgum burnirótin grær.
Í brjósti mínu klettahjarta slær.

Þeir verða að klifra upp í björgin blá,
sem blíðu minni og ástum vilja ná

og sækja þangað burnirótarblóm.
Ég birti öllum þennan sama dóm.

Og árum saman sat ég ein og beið
og sá þá klifra - og hrapa á miðri leið.

Í morgun féllu fyrir björgin þrír.
- Ég fleygði þeim í saltin villidýr.

En hver sem fyrstur klífur þessa raun,
fær kóngsríkið og mig - í sigurlaun.

Davíð Stefánsson



Syngjandi sæla og gleði.

Nú fær bölsýnin á baukinn....



Óskar Pétursson og Örn Árnason
leika á alls oddi með skemmtun og söng:

**félagsheimilinu Kirkjuholi Klaustri 29. maí
og félagsheimilinu Leikskálum Vík 30. maí nk.**

Undirleik annast Jónas Þórir.

***Skemmtunin hefst kl 20.00
og er miðasala við innganginn***

Miðaverð er kr 2000.



Eigendur bifreiða með ökumæli takið eftir!!

Sunnudaginn 1. júní hefst álestrartímabil af öikumælum bíla og tengivagna yfir 10 tonn að heildarþunga, og stendur yfir til sunnudagsins 15. júní. Lesið verður af mælunum í áhaldahúsinu í Vík alla virka daga á tímabilinu frá kl. 8:00 til 12:00 á hádegi. Í Skaftárhrepp verður lesið af mælum föstudaginn 6 júní.

Nánari upplýsingar veitir Vegagerðin í Vík í síma 522-1372

Vegagerðin



Rúlluplast - Net - Garn

Rani rúlluplast 50cm kr. 7.300.- án vsk

Rani rúlluplast 75 cm kr.8.250.- án vsk

Tama net

Breidd 130 cm X 3150 metrar kr.22.900.- án vsk

Breidd 123 cm X 3600 metrar 23.500.- án vsk

Garn

Verð eru miðuð við greiðslu 5 október, engir vextir.

Mynd og texti : Rarni-plast er framleitt í finlandi og er langmest notaða plastið þar, og er með um 60 % markaðshlutdeild í Skandinavíu,

Upplýsingar og afgreiðsla Kristinn Raufarfelli Sími:8618894

SUMARBLÓM SUMARBLÓM

Kvenfélag Hvammhrepps verður með sína árlegu

SUMARBLÓMASÖLU

Þriðjudaginn 3. júní og miðvikudaginn 4. júní, á bankaplaninu í Vík milli klukkan 14 og 18 báða dagana.



Þeir sem óska eftir að fá grænmeti(matjurtir), vinsamlegast pantið í síðasta lagi föstudaginn 30. maí,

hjá Láru í síma 8634310 eða Sif í 8624368.

Hlökkum til að sjá ykkur

Kvenfélag Hvammhrepps.

Æskulýðsguðspjónusta í Prestsbakkakirkju á Síðu

Æskulýðsguðspjónusta verður 1. júní 2008 kl. 14.00.

Börn syngja, leika á hljóðfæri, lesa, flytja leikrit o. fl.

Tónlistarstjóri: Brian Roger Haroldsson.

Á eftir guðspjónustu eða kl. 16.00 verður róðrakeppni á Hæðargarðsvatni. Kvenfélag Kirkjubæjarhrepps verður með kaffisölu.

Fjölmennum og eigum góðan dag saman.

SÓKNARPRESTUR

Ungur maður sem réð sig sem leiðbeinanda í gagnfræðaskóla var orðinn ansi þreyttur á nemendum sínum eftir fyrstu vikuna. Í einum tímanum, þegar honum þótti börnin sína takmarkaða færni, sagði hann: „Mig langar að biðja alla þá sem eru heimskir að standa upp.“ Enginn stóð upp og eftir mínútu þögn sagði leiðbeinandinn: „Hvað er að ske, eruð þið öll vitringar?“ Þá stóð einn ungur piltur upp og kennarinn spurði: „Svo þú telur þig heimskan?“ Drengurinn svaraði: „Nei, ég bara vorkenndi þér að standa þarna einn.“

Reiðskóli Kóps

Reiðskóli verður haldinn á vegum Hestamannafélagsins Kóps.

Reiðkennari verður Kristín Lárusdóttir.

Hefst hann 9. júní og lýkur 15. júní .

Í lok Reiðskólans verður haldinn Firmakeppni fyrir börn og unglinga.
Nánar auglýst síðar. Síðasti skráningardagur í reiðskóla er 4. júní.

Boðið verður upp á kennslu fyrir alla aldurshópa.
Reiðskólinn er líka fyrir fullorðina. Vana sem óvana.


Verð: Fyrir krakka sem eru félagsmenn í Kóp: 5000.-. Aðrir 10.000.-.
Þeir sem ekki geta útvegað sér hest sjálfir borga 8000.- aukalega. ½ gjald fyrir annað systkini. Innifalinn matur og gisting á Fljótum eina nótt.

Hópar geta haft samband við reiðkennara ef þeir eru með einhverjar sér óskir um stað, stund eða verkefni.

Pví ekki að skrá sig í reiðskóla. Hestamennska er holl og skemmtileg útivera.

Nánari upplýsingar og skráning í Reiðskólann er hjá Kristínu í síma 487-4725, 898-0825 eða á fljotar@simnet.is.

Sjáumst í Reiðskólanum
Hestamannafélagið Kópur



Róðrakeppni á sjómannadaginn

1. júní 2008 kl. 16.00 á Hæðargarðsvatni.

Nú fer að stytast í sögulegan viðburð á Hæðargarðsvatni þegar kappróður verður haldinn á milli gömlu hreppanna.

Lið frá: Hörgslandshreppi, Kirkjubæjarhreppi, Leiðvallarhreppi, Skaftártunguhreppi og Álftavershreppi ætla að etja kapp saman og róa hring á Hæðargarðsvatni.

Veitingasala verður í höndum Kvenfélags Kirkjubæjarhrepps.

Höldum upp á sjómannadaginn með því að mæta með góða skapið og hvetja okkar lið.
Stjórnin



Vikan 1. – 7. júní er sérstök tiltektarvika í Mýrdalshreppi.

Vonast er til að íbúar taki höndum saman og hreinsi lóðir sínar og nánasta umhverfi þessa daga.

Veraldarvinir munu hjálpa til við hreinsun á opnum svæðum 6. – 7. júní.
Laugardaginn 7. verður síðan slegið upp grilli til að fagna góðu verki.

Nánar auglýst á vef Mýrdalshrepps www.vik.is og í næsta Vita.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Mýrdalshrepps.

NÍÐURLAG FUNDARGERÐAR MÝRDALSHREPPS

föstudaginn 30. maí nk. Aðalfundarboð lagt fram til kynningar.

5. Green Globe 21 í Rangárvalla- og Vestur- Skaftafellssýslu. Aðalfundur bygðasamlagsins verður miðvikudaginn 28. maí nk. Samþykkt að Þórhildur fari með atkvæði Mýrdalshrepps og Sif Hauksdóttir er tilnefnd til stjórnarsetu.

6. Bréf FOSS dags. 6. maí 2008. Með bréfinu er hvatt til að sveitarstjórnir á Suðurlandi greiði starfsmönnum sínum sérstakar álagsgreiðslur til viðbótar við umsamin laun. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur falið Launanefnd sveitarfélaga samningsumboð við samningsaðila fyrir sína hönd og jafnframt skuldbundið sig til að fara að gerðum samningum. Að mati sveitarstjórnar eru sérstakar álagsgreiðslur til valinna starfsmanna eða starfshópa vafasöm leið til að fara fram hjá gerðum kjarasamningum og hafnar sveitarstjórn því að taka þátt í slíku. Sveitarstjórn Mýrdalshrepps fagnar nýsamþykktum kjarasamningum við grunnskólakennara og skólastjóra og vonar að þessar stéttir megi vel við una.

7. Atvinnumál. Kynnt hugmynd að átaksverkefni undir forgöngu Háskólafélags Suðurlands sem hefur það að markmiði að undirbúa uppbyggingu háskóla-tengdrar starfsemi í Vík og á Skógum og renna fleiri stoðum undir starfsemi Kirkjubæjarstofu. Sveitarstjórn samþykkir að leggja 1 millj. kr. til verkefnisins á næstu tveimur árum ásamt því að útvega skrifstofu- og íbúðarhúsnæði fyrir starfsmanninn.

8. Bréf frá Swiss International Holiday Exhibition. Lagt fram til kynningar.

9. Áhættumat. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við verktaka um gerð áhættumats fyrir stofnanir Mýrdalshrepps í samræmi við fyrirbyggjandi gögn. Ákvæði um gerð áhættumats eru bundin í lögum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 920/2006.

IV. Efni lagt fram til kynningar:

1. Fundargerð 72. fundar héraðsnefndar frá 21. apríl 2008.

2. Fundargerð 10. fundar félagsmála-nefndar frá 6. maí 2008.

3. Fundargerð 104. fundar stjórnar Skólaskrifstofu Suðurlands frá 10. mars 2008.

4. Fundargerð 276. fundar stjórnar Atvinnuþróunarfélags Suðurlands frá 7. maí 2008.

5. Vottunarstofan Tún – fundargerð aðalfundar.

6. Dagur barnsins – bréf félags- og tryggingamálaráðuneytis dags. 2. maí 2008.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 18:35

Þórhildur Jónsdóttir oddviti, Björgvin Jóhannesson varaoddviti, Elín Einarsdóttir Sveinn Pálsson sveitarstjóri, Karl Pálmason.

Óska eftir

áburðardreifara og 165 Massey Ferguson í varahluti

Á sama stað er til sölu 2 kjarnfóður básar með 35 hálsböndum

Uppl í síma 4878515